

Ágæta bæjarstjórn.

Við gerð kjarasamninga vorið 2024 var lögð rík áhersla á að allir legðu sitt af mörkum til að skapa efnahagslegan stöðugleika. Rauði þráður samninganna var að launafólk, atvinnurekendur og opinberir aðilar væru öll í sama liði í þeirri viðleitni að ná niður verðbólgu og vöxtum og verja kaupmátt heimilanna.

Á þeim forsendum undirgekkst launafólk hóflegar launahækkanir til fjögurra ára. Ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga, undirrituðu sérstaka yfirlýsingu um aðgerðir til að styðja við markmið samninganna. Þar lýstu sveitarfélögin meðal annars yfir vilja til að:

- hækka ekki gjaldskrár ársins 2024 umfram 3,5% og endurskoða þær gjaldskrár sem þegar höfðu hækkað meira, sérstaklega gjaldskrár sem snerta barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu;
- stilla gjaldskrárhækkunum í hóf eins og kostur væri út samningstímann;
- tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og byggingarhæfra lóða í samræmi við húsnæðisþörf;
- leggja sitt af mörkum til uppbyggingar almennra íbúða og úrbóta á sérstökum húsnæðisstuðningi; og
- vinna með ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins að tímasettri áætlun um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla á samningstímanum.

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir voru jafnframt mikilvægur hluti yfirlýsingarinnar og hafa skilað barnafjölskyldum raunverulegum ávinningi. Að öðru leyti hefur framkvæmd fyrirheitanna hvorki verið nægilega markviss né sýnileg. Gjaldskrár sveitarfélaga hafa víða hækkað verulega, þjónusta verið skert, húsnæðisuppbygging er enn of hæg og umönnunarbilið hefur ekki verið brúað.

Forsendur kjarasamninganna um þróun verðbólgu hafa nú brugðist. Heimilin finna fyrir afleiðingunum í auknum kostnaði, áframhaldandi háum vöxtum og þyngri greiðslubyrði. Við þær aðstæður er mikilvægt að allir sem komu að þeirri sameiginlegu vegferð sem mörkuð var árið 2024 líti í eigin barm og meti hvað þeir geti gert til að rétta kúrsinn af.

Við óskum því eftir upplýsingum um hvað Hafnarfjarðarbær er tilbúinn að leggja af mörkum til að ná verðbólgu og vöxtum niður. Sérstaklega óskum við eftir afstöðu sveitarfélagsins til eftirfarandi:

- Mun Hafnarfjarðarbær endurskoða fyrirhugaðar eða þegar samþykktar gjaldskrárhækkanir og leita leiða til að lækka gjöld sem hafa mest áhrif á barnafjölskyldur og viðkvæma hópa?
- Hvaða aðgerðir hyggst Hafnarfjarðarbær ráðast í til að tryggja nægilegt framboð lóða og hraðari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis?
- Hvernig hyggst Hafnarfjarðarbær leggja sitt af mörkum til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla?
- Hvaða aðrar aðgerðir telur Hafnarfjarðarbær mögulegar til að draga úr kostnaðarhækkunum heimila og styðja við markmið kjarasamninganna um verðstöðugleika?

Launafólk hefur þegar lagt mikið undir. Nú reynir á að sveitarfélögin sýni með skýrum og sýnilegum aðgerðum að við séum öll í sama liði.

Við óskum eftir svari frá Hafnarfjarðarbæ eins fljótt og verða má.

Virðingarfyllst,

*Halla Gunnarsdóttir*

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR

*Eiður Stefánsson*

Eiður Stefánsson, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna

*Jakob Tryggvason*

Jakob Tryggvason, formaður Rafiðnaðarsambandsins f.h. Fagfélaganna

